

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 27. júlí 1970

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi dyr á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra

(70/387/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,
með hliðsjón af álit Evrópuþingsins,
með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar,
og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Meðal tæknilegra krafna sem vélknúin ökutæki verða að uppfylla samkvæmt landslögum eru ákvæði er varða m.a. dyr.

Þessar kröfur eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars. Því er nauðsynlegt að öll aðildarríki samþykki sömu kröfurnar, annaðhvort til viðbótar eða í stað gildandi reglna, einkum til þess að EBE-gerðarviðurkenningin, sem kveðið var á um í tilskipun ráðsins ⁽¹⁾ frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra, geti átt við allar gerðir ökutækja.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í þessari tilskipun merkir „ökutæki“ öll vélknúin ökutæki sem ætluð eru til aksturs á vegum á fjórum eða fleiri hjólum og hönnuð fyrir hámarks hraða yfir 25 km/klst., að undanskildum ökutækjum sem fara eftir teinum, landbúnaðardráttarvélum, landbúnaðartækjum og vélbúnaði til opinberra verklegra framkvæmda.

2. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að neita að veita EBE-gerðarviðurkenningu eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir öku-

tæki af ástæðum sem varða dyr þess ef þær fullnægja kröfunum í viðaukunum.

3. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að laga kröfur viðaukans að tækniframförum skal samþykkja samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 13. gr. tilskipunar ráðsins frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari innan átján mánaða frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að framkvæmdastjórninni berist helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. júlí 1970.

Fyrir hönd ráðsins,

W. ARENDT

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1.

I. VIÐAUKI

1. ALMENNT

- 1.1 Ökutækið skal þannig hannað að unnt sé að stíga inn í það og út úr því á fullkomlega öruggan hátt.
- 1.2 Dyr, inngangur og útgangur, skulu vera þannig að unnt sé að nota þær auðveldlega og áhættulaust.
- 1.3 Dyr og dyralæsingar skulu þannig hannaðar að komið sé í veg fyrir ertandi hávaða þegar lokað er.
- 1.4 Dyralæsingar skulu þannig hannaðar að dyr geti ekki opnast af vangá.

2. LÆSINGAR OG LAMIR (smíða- og uppsetningarkröfur)

- 2.1 Þegar lamir á hurðum á hjörum (að fellidýrum undanskildum) eru festar á hlið ökutækis skal það gert á fremri brún dyranna miðað við akstursstefnu. Þessi krafa gildir um þær dyr sem opnast fyrst sé um tvöfaldar dyr að ræða. Hinum dyrunum skal vera unnt að halda lokuðum.
- 2.2 Læsingar og lamir á hliðardýrum einkabifreiða ⁽¹⁾ skulu uppfylla kröfur sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þessa tilskipun.

3. FÓTPALLAR (smíða- og uppsetningarkröfur)

- 3.1 Ökutæki skal hafa einn fótball eða fleiri ef gólfíð við inngang þess er í meira en 700 mm hæð frá jörðu. Fótballur eða lægsti fótballur sé um fleiri en einn að ræða skal ekki vera í meira en 700 mm hæð frá jörðu og þannig smíaður að ekki sé hætt á að fólk renni til. Ekki er litið svo á í þessari tilskipun að hjólnöf, hjólhringur eða aðrir hlutar hjóls þjóni hlutverki fótballs nema útilokað sé að setja upp fótballa annars staðar á ökutækinu af ástæðum sem varða smíði og notkun þess.

⁽¹⁾ Flokkur M₁ í alþjóðlega flokkunarkerfinu sem mælt er fyrir um í athugasemd b við viðaukann við tilskipun ráðsins sem um getur í 3. gr. í þessari tilskipun.

II. VIÐAUKI

**SMÍÐA- OG UPPSETNINGARKRÖFUR OG STYRKLEIKAPRÓFANIR
FYRIR LÆSINGAR OG LAMIR Á HLÍÐARDYRUM TIL AÐ STÍGA INN Í
OG ÚT ÚR EINKABIFREIÐUM**

1. ALMENNT

- 1.1 Læsingar og lamir skulu þannig hannaðar, smíðaðar og uppsettar að ökutækið fullnægi kröfum þessarar tilskipunar við eðlileg notkunarskilyrði.
- 1.2 Allar læsingar skulu stilltar fyrir öryggislæsingu og fulla læsingu.

2. UPPLÝSINGAR OG LÆSINGA- OG LAMASAMSTÆÐUR SEM FRAMLEIÐANDI EÐA FULLTRÚI HANS SKAL LEGGJA FRAM

Framleiðandi eða fulltrúi hans skal leggja fram eftirfarandi upplýsingar og læsinga- og lamasamstæður:

- 2.1 Teikningar af dyrum og læsingum og lömum þeirra í viðhlítandi stærð og nægilega nákvæmlega gerðar.
- 2.2 Tæknilýsing læsinga og lama.
- 2.3 Fimm lamasamstæður fyrir hverjar dyr. Séu eins samstæður notaðar fyrir fleiri en einar dyr nægir samt sem áður að leggja fram eina samstæðu. Lamasamstæður skulu taldar eins ef eini munur á þeim er að þær eru framleiddar fyrir uppsetningu vinstra megin eða hægra megin.
- 2.4 Fimm fullkomnar læsingasamstæður fyrir hverjar dyr, þar með talinn stýribúnaður. Séu eins læsingar notaðar fyrir fleiri en einar dyr nægir þó að leggja fram eina samstæðu af þeim. Læsingar skulu taldar eins ef eini munur á þeim er að þær eru framleiddar fyrir uppsetningu vinstra megin eða hægra megin.

3. SMÍÐAKRÖFUR

3.1 Læsingar

3.1.1 Þungi á langveginn

Læsingin og smellilásasamstæðan skulu geta þolað 453 kp (444 daN) þunga á langveginn í stillingu fyrir öryggislæsingu og 1134 kp (1111 daN) í stillingu fyrir fulla læsingu (mynd 2).

3.1.2 Þungi á þverveginn

Læsingin og smellilásasamstæðan skulu geta þolað 453 kp (444 daN) þunga á þverveginn í stillingu fyrir öryggislæsingu og 907 kp (889 daN) í stillingu fyrir fulla læsingu (mynd 3).

3.1.3 *Tregðumótstaða*

Læsingin skal haldast í stillingu fyrir fulla læsingu þó 30 g þunga sé beitt á langveginn eða þverveginn á læsinguna í báðar áttir, að stýribúnaðinum meðtöldum.

3.2 **Lamir**

3.2.1 Allar lamasamstæður skulu halda dyrunum uppi og standast 1134 kp (1111 daN) þunga á langveginn og 907 kp (889 daN) þunga á þverveginn í báðar áttir.

4. PRÓFUNARKRÖFUR FYRIR STYRK DYRALÆSINGA OG LAMA

Athugun á hvort kröfum í liðum 3.1 og 3.2 sé hlítt skal fara fram í samræmi við eftirfarandi:

4.1 **Uppsetning, aðferð og tækjabúnaður fyrir prófun kyrrstöðubunga**

4.1.1 *Uppsetning*

4.1.1.1 Lamir

4.1.1.1.1 Við prófun skal nota stífa uppsetningu sem rúmfræðilega svarar til uppsetningar dyra í ökutækið sem að fullu eru læstar.

4.1.1.1.2 Beita skal á þennan tækjabúnað í miðju milli lamanna:

4.1.1.1.2.1 Þunga á langveginn sem mælt er fyrir um hornrétt á ás sem liggur samhliða lamapinnunum og liggur í fleti sem gengur gegnum þennan ás;

4.1.1.1.2.2 Þunga á þverveginn sem mælt er fyrir um hornrétt á flöt sem ákvarðast af þunganum á langveginn og ásinum samhliða pinnunum og sem liggur í fleti sem gengur gegnum þennan ás.

4.1.1.1.3 Fyrir hverja prófun skal nota nýja lamasamstæðu.

4.1.1.1.4 Prófunarsamstæða er sýnd á mynd 1.

4.1.1.2 Læsingar

4.1.1.2.1 Við prófun skal nota stífa uppsetningu sem svarar til uppsetningar læsingaríhlutanna tveggja, meginhluta og smelliláss, í ökutækið.

4.1.1.2.2 Beita skal þeim þunga sem mælt er fyrir um á þennan tækjabúnað þannig að hann spennir ekki læsinguna. Að auki skal beita 90,7 kp (88,9 daN) kyrrstöðubunga á þverveginn þannig að hann leitist við að hreyfa læsinguna frá smellilásnum í sömu átt og dymnar opnast.

4.1.1.2.3 Prófunarsamstæða er sýnd á myndum 2 og 3.

4.1.2 *Prófunaraðferð og tækjabúnaður*

Setja skal tækjabúnaðinn sem um getur í liðum 4.1.1.1 og 4.1.1.2 hér að ofan upp á togprófunarvél með 1 500 kp (1 470 daN) lágmarksafköst. Beita skal stigmögnuðum þunga á hann uns þeim gildum er náð sem mælt er fyrir um í liðum 3.1 og 3.2 þannig þó að sundurtekningarhraði hins samfasta búnaðar fari ekki upp fyrir 5 mm/mín.

4.2 Aðferð til að ákvarða mótstöðu læsinga gegn hröðun

4.2.1 Ákvarða skal mótstöðu gegn opnun í báðar áttir, við 30 g tregðuþunga á langveginn og þverveginn sem í báðum tilvikum er beitt á handfangið í sömu átt og það er knúið, með hreyfifræðilegum aðferðum og greiningaraðferðum (mynd 4) án þess að tillit sé tekið til:

4.2.1.1 Núningskrafta.

4.2.1.2 Þátta þyngdarhröðunar sem leitast við að halda læsingunni í stöðu.

4.2.2 Ekki skal nota búnað fyrir lokun með járnslá við prófunina sé hann til staðar.

4.3 Jafngildar prófunaraðferðir

4.3.1 Jafngildar prófunaraðferðir án eyðileggingar eru heimilaðar með því skilyrði að unnt sé að fá sömu niðurstöður og um getur í liðum 4.1.2 og 4.2 hér að framan, annaðhvort einungis með varaprófuninni eða útreikningum niðurstaðna varaprófunarinnar. Sé önnur aðferð notuð en lýst er í liðum 4.1.2 og 4.2 hér að framan skal sýna jafngildi hennar.

Dyralæsing — kyrrstöðuþungafesting (þungi á þverveginn)

MYND 1

Átak Átak

Neðri lamasamstæða Efri lamasamstæða

Þungi á þverveginn Þungi á þverveginn

Þungi á langveginn Þungi á langveginn

Efri lamasamstæða Neðri lamasamstæða

Dyralæsing — Prófunarbúnaður undir kyrrstöðupunga (þungi á langveginn)

MYND 2

Átak Átak

Fjarlægð milli ása
 $203,2 \pm 0,13\text{mm}$ Prófunarbúnaðurinn er aðlagður
að gerð læsingar og smelliláss
sem prófa skal

90,7 kg þungi Jafnvægisspangir

 $88,9 \pm 0,13 \text{ mm}$ Skiptanleg plata fyrir
uppsetningu læsingar
(æskileg þykkt
 $3,05 \pm 0,25\text{mm}$)Skiptanleg plata fyrir
uppsetningu smelliláss
(æskileg þykkt
 $3,05 \pm 0,25\text{mm}$)**Dyralæsing — kyrrstöðupungafesting (þungi á þverveginn)**

MYND 3

Átak Átak

Prófunarbúnaðurinn er aðlagður
að gerð læsingar og smelliláss
sem prófa skal.Beita skal þunga í sömu átt og þegar
opnað er utan frá. „Togið til að
koma læsingu og smellilási í rétta stöðu“.

Dyrasamtæða Smellilásasamtæða

Mótstaða gegn tregðuáhrifum — Dæmi um útreikning

MYND 4

Hraðaminnkun 30 g
Pinni „O“ Pinni „p“
Þyngdarpunktur íhluta

Gefið:

Dýralæsing sem verður fyrir 30 g hraðaminnkun

$$F = M_a = \frac{W}{g} a = \frac{W}{g} 30 \text{ g} = 30 \text{ W}$$

$$F_1 = W_1 \times 30 - \text{Meðalþungi á húnfjöðrina} \\ = (0,016 \text{ kg} \times 30) - 0,454 \text{ kg} = 0,036 \text{ kg}$$

$$F_2 = W_2 \times 30 = 0,023 \text{ kg} \times 30 = 0,68 \text{ kg}$$

$$F_3 = \frac{W_3}{2} \times 30 = \frac{0,012 \text{ kg}}{2} \times 30 = 0,184 \text{ kg}$$

$$M_o = F_1 \times d_1 + F_2 \times d_2 - F_3 \times d_3 = 0,036 \text{ kg} \times 31,5 \text{ mm} + 0,68 \text{ kg} \times \\ 10,67 \text{ mm} - 0,184 \text{ kg} \times 4,83 \text{ mm} = 7,51 \text{ mm/kg}$$

$$F_5 = \frac{M_o}{d_4} = \frac{7,51}{31,5} = 0,238 \text{ kg}$$

$$F_6 = W_4 \times 30 = 0,042 \times 30 = 1,265 \text{ kg}$$

$$M_p = \text{þungi á læsingarjárnstjöldur} (F_5 d_5 + F_6 d_6) \\ 45,62 \text{ mm/kg} - (0,238 \times 37,59 + 1,265 \times 1,9) \\ 45,62 \text{ mm/kg} - 11,36 \text{ mm/kg} = 34,26 \text{ mm/kg}$$